

Nd. 282. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um skipun nefndar skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ýmis atriði herstöðvamálsins.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jónas Árnason, Jón Sn. Þorleifsson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka eftirtalin atriði varðandi dvöl Bandaríkjahers á Íslandi:

í fyrsta lagi, hvernig Íslendingar geta tryggt, að bandarískar flugvélar þúnar kjarnorkuvopnum fljúgi ekki um íslenska lofthelgi og lendi ekki á íslensku landi, með hliðsjón af þeim atburðum, sem gerzt hafa í Thule á Grænlandi, þvert ofan í fyrri yfirlýsingar Bandaríkjamanna;

í öðru lagi, hvernig á því standi, að ekki hefur verið staðið við fyrri loforð um takmörkun hermennasjónvarpsins við herstöðina eina, hvers vegna sú tilhögun var ekki ákveðin þegar í upphafi, og hver voru tildrög þess, að Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrum utanríkisráðherra, sagði Alþingi ósatt, þegar sjónvarpsstöðin var stækkuð og málið var rætt á Alþingi 28. marz 1962;

í þriðja lagi, hvaða áhrif dvöl Bandaríkjahers í landinu hefur einkum haft á íslenskt þjóðlíf, t. d. verði vandlega rannsökuð hin mikla fjármálaspilling, sem lengi hefur þrífzt í skjóli hersetunnar, og reynt að kanna, hvaða áhrif hersetan hefur haft á uppeldi, hugsunarhátt og tungutak íslenzkrar æsku í nágrenni herstöðvanna;

í fjórða lagi, hvort herstöðvarnar geta talizt veita þjóðinni nokkra vörn á ófriðartímum og hvort þær eru ekki líklegri til að kalla háskann yfir þjóðina, ef til styrjaldar dregur;

í fimmta lagi, hvaða upplýsinga unnt er að afla um þær áætlanir, sem vitað er, að NATO hefur gert um hugsanlega íhlutun bandalagsins í innanríkismál þátttöku-

landanna, þegar þær aðstæður skapast, að þess er talin þörf, og hvort þessar áætlanir snerta Ísland.

Í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar hefur nefndin heimild til að heimta munnlegar og bréflugar skýrslur af embættismönnum og einstökum mönnum. Niðurstaða rannsóknarinnar skal lögð fyrir deildina eigi síðar en 1. febrúar 1969, svo að Alþingi eigi þess kost að taka sjálfstæða afstöðu til herstöðvamálanna á árinu 1969.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var Alþingi ekki kvatt saman, þegar Bandaríkjaher kom til landsins 7. maí 1951. Ríkisstjórnin leyfði hertöku landsins í algeru heimildarleysi, sbr. 21. gr. stj.skr., eftir að Bandaríkjastjórn hafði m. a. beitt þeim blekkingum, að rússnesk innrás í landið væri yfirvofandi. Ekki er vafi á, að mikill meiri hluti þjóðarinnar var frá upphafi andvígur þessari ákvörðun, en öllum tilmælum um þjóðaratkvæðagreiðslu var þverlega synjað. Hér var því um að ræða hernám í þess orðs réttu merkingu — land tekið með vopnavaldi — á fölskum forsendum, gegn vilja þjóðarinnar og í trássi við stjórnarskrá lýðveldisins.

Annað mál er það, að Alþingi var látið samþykkja „varnarsamninginn“ 7 mánuðum síðar, þegar þjóðin stóð frammi fyrir hernáminu sem gerðum hlut. En í vitund þjóðarinnar var heiti þessa athæfis óbreytt, enda hefur málið aldrei verið lagt undir þjóðardóm.

Eins og til var stofnað 1951, hefur gjarnan síðan verið fjallað um hernámsmál í pukri, og lengstum hefur verið reynt að halda Alþingi utan við helztu ákvarðanir um þessi mál. Árum saman var utanríkismálanefnd þingsins sniðgengin, þrátt fyrir skýlaus fyrirsmæli laga um samráð ráðherra við nefndina. Hvalfjarðarsamningurinn var gerður án nokkurs samráðs við Alþingi, og var það ótvírætt brot á stjórnarskrá landsins.

Það er von flutningsmanna þessarar tillögu, að breyting sé að verða til batnaðar, hvað snertir vinnubrögð ráðamanna í utanríkismálum. Í fyrsta sinn í vetur eiga allir flokkar fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, og samráð eru nú höfð við utanríkismálanefnd Alþingis. Þess er því að vænta, að þingmenn fái tækifæri til að kynna sér herstöðvamálið frá öllum hliðum, áður en næstu stórákvarðanir verða teknar. Þess vegna leggja flutningsmenn til, að kosin verði rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stj.skr., sem falið sé að athuga og gefa þinginu ítarlega skýrslu um nokkur mikilsverðustu atriði herstöðvamálsins. Í tillögunni leggjum við einkum áherzlu á fimm atriði:

1. Flugvélar með kjarnorkuvopn.

Nú fyrir nokkrum vikum barst sú frétt út um heiminn, að bandarísk flugvél hefði farizt á Grænlandi og jafnframt gloprað niður byrði sinni: fjórum vetnis-sprengjum. Ekki er annað vitað en að þær séu enn týndar.

Bandaríkjaher mun ekki hafa haft heimild til að fljúga yfir grænlenzkt land með kjarnorkusprengjur, enda hafði stjórnin í Washington gefið loforð um, að það yrði ekki gert. Danska stjórnin hafði þó ekki hugmynd um, að þetta loforð væri ekki efnt, fyrr en slysið hafði gerzt.

Yfirmenn bandaríska hersins á Íslandi hafa lofað íslenskum stjórnvöldum, að bandarískar flugvélar, sem fljúga yfir íslenzkt land og lenda hér, skuli ekki búnar kjarnorkuvopnum. Nú hefur hvergi komið fram, með hvaða hætti utanríkisráðherra og starfslið hans fer að því að ganga úr skugga um, að þetta loforð sé haldið. Er því full ástæða fyrir Alþingi að láta rannsaka þetta mál, enda næsta líklegt, að Íslendingar geti ekki tryggt öryggi sitt í þessu efni með öðrum hætti en þeim að banna í eitt skipti fyrir öll ferðir erlendra herflugvéla yfir íslenzku landi.

2. Hermannasjónvarpið.

Nokkru eftir að Guðmundur Í. Guðmundsson, fyrrv. utanríkisráðherra, veitti Bandaríkjamönnum leyfi til að setja upp miklu öflugri sjónvarpsstöð en áður hafði verið á Keflavíkurvelli, gaf hann þá skýringu á Alþingi (28. marz 1962), að stöð af jafnlitlum styrkleika og hin fyrri stöð væri ekki fánleg og fyrirfyndist ekki. Ráðherrann sagði m. a.:

„Sú minnsta stöð, sem talið er, að hægt sé að fá í staðinn fyrir þessa stöð, er sú stöð, sem þegar hefur verið leyfð. Það er algerlega rangt, sem flutningsmenn þessarar tillögu eru að reyna að halda hér fram, að hin nýja stöð muni ná svo og svo miklu lengra út en núverandi stöð hefur gert.“

Enginn mun draga í efa, að þessi orð ráðherrans voru ekki sannleikanum samkvæm. Eins og kunnugt er, náði áhrifasvæði hermanna-sjónvarpsins á skömmum tíma um alla Faxaflóabyggðina og jafnvel víðar. Jafnframt var það opinberlega sannað, m. a. af prófessor Þórhalli Vilmundarsyni, að langflestar sjónvarpsstöðvar í herstöðvum Bandaríkjamanna víða um heim væru miklu minni en Keflavíkurstöðin og mjög margar minni en sú, sem notuð var fyrir stækkunina.

Þessi framkoma ráðherrans gagnvart Alþingi gefur tilefni til að rannsaka vandlega sögu þessa sjónvarpsmáls frá upphafi. Hvers vegna var ekki hermanna-sjónvarpið takmarkað við herstöðina eina þegar frá upphafi, t. d. með því að dreifa sjónvarpsefninu um símakerfi? Í hvaða tilgangi lögðu Bandaríkjamenn í mikinn kostnað, m. a. stækkun stöðvarinnar og uppsetningu sérstakra loftneta, sem virtust hafa það aðalmarkmið, að sem flestir Íslendingar sæju útsendingar hermanna-sjónvarpsins? Og loks: Hvers vegna hefur gengið svo treglega að takmarka útsendingu stöðvarinnar, þrátt fyrir þau loforð, sem gefin voru fyrir 17 mánuðum?

3. Fjármálaspilling og ómenningaráhrif.

Í stuttri greinargerð er ekki tækifæri til að rekja öll þau stórfelldu auðgunar-brot og fjársvikamál, sem uppvís hafa orðið í sambandi við hersetuna, svo mörg sem þau eru nú orðin. Eins er til dæmis erfitt að geta sér til um það fjárhagstjón, sem ríkissjóður hefur árlega beðið vegna tollsvika og annarra lögbrota. En nefna má í þessu sambandi, að nú munu um þrjú hundruð Bandaríkjamenn vera búsettir utan Keflavíkurvallar, og má gera ráð fyrir, að þeir flytji daglega mikið magn af toll-frjálsum varningi út úr herstöðinni.

Þótt erfitt muni reynast að afla fullnægjandi upplýsinga um hina miklu fjármálaspillingu, sem þrífzt hefur í skjóli hersetunnar, og meta efnahagsleg og siðferðileg áhrif hennar, mun þó vera enn torveldara að kanna áhrif hersetunnar á öðrum sviðum, t. d. á hugsunarhátt og tungutak íslenzkrar æsku í nágrenni herstöðvanna. Þó hefur þetta verið rannsakað lítilliga, eins og komið hefur fram í fréttum, og hljóta niðurstöðurnar að vera hverjum hugsandi Íslendingi áhyggjuefni. Það er verkefni nefndarinnar að safna þeim upplýsingum, sem tiltækar eru, og gefa Alþingi eins greinargóða skýrslu um þessa hlið hernámsins og aðstæður leyfa.

4. Tortímingarháskinn.

Að nafninu til er bandarískur her í landinu til að verja þjóðina. Flestum er þó ljóst, að þetta er löngu orðið fánlegt öfugmæli, því að her og herstöðvar geta litla sem enga vörn veitt í nútímastyrjöld, en þvert á móti kalla mikinn háska yfir landsmenn. Herstöðvarnar eru byggðar upp sem liður í vigbúnaðarkerfi Bandaríkjamanna og koma Íslendingum að engu gagni, nema í augum þeirra manna, sem líta svo á, að hagsmunir Bandaríkjanna séu hagsmunir Íslands á hverjum tíma. Vietnamstyrjöldin ætti að sýna mönnum svart á hvítu, hvort svo er.

Fyrir fimm árum ritaði Ágúst Valfells, þáverandi forstöðumaður almanna-

varna, ítarlega greinargerð um íslensk herstöðvamála og gerði meðal annars grein fyrir því, hve miklar líkur væru á því, að Keflavíkurvöllur yrði fyrir kjarnorkuárás í styrjöld, og hvaða afleiðingar það hefði. Efni skýrslunnar var haldið leyndu fyrir þjóðinni, og voru niðurstöður hennar ekki einu sinni kynntar fyrir alþingismönnum eða utanríkismálanefnd. Það er eitt brýnasta verkefni þessarar nefndar að yfirheyra viðkomandi ráðherra og aðra embættismenn, svo að allar fáanlegar upplýsingar um þann háska, sem af hernáminu stafar, verði undanbragðalaust dregnar fram í dagsljósið. Ber nefndinni að afla erlendra sérfræðiaðstoðar, eftir því sem nauðsyn krefur.

5. Íhlutun um innanríkismál.

Lengi hefur verið vitað, að Bandaríkjastjórn reynir að hlutast til um innanríkismál annarra þjóða með viðtækum fjárstuðningi við samtök, sem hún telur sér hliðholl. Má í því sambandi minna á mútufé, sem viðurkennt er, að bandaríska leyniþjónustan CIA hefur annazt dreifingu á.

Slík peningamiðlun er þó aðeins óbein íhlutun um innanríkismál annarra þjóða. En í seinni tíð hafa komið fram upplýsingar frá mörgum NATO-ríkjum um áætlanir, sem yfirherstjórn NATO mun hafa gert um hugsanlega beina íhlutun Bandaríkjahers í innanlandsmál hinna ýmsu bandalagsríkja, þegar svo stendur á, að annað dugir ekki til að tryggja völd NATO-sinnaðra stjórnarvalda í viðkomandi landi.

Áætlanir sem þessar eru meðal annars fólgnar í samningsuppkasti, sem yfirstjórn NATO hefur látið gera og á að koma að jafngóðum notum, hvar sem er og hvenær sem er í flestum NATO-ríkjum Evrópu. Ef það ástand skapast, sem NATO og Bandaríkin telja sér hættulegt, á að vera unnt á mjög skömmum tíma að fylla út í eyður þessa samningsramma, til þess að Bandaríkjaher geti talizt hafa einhverja formlega heimild fyrir hernaðarihlutun sinni.

Ætlazt er til, að samningurinn sé gerður annars vegar af hálfu bandaríska ambassadorsins eða yfirmanns Bandaríkjahers í viðkomandi landi og hins vegar af utanríkisráðuneytinu eða einhverju öðru, nothæfu, yfirvaldi þar í landi. Samningsaðilar þyrftu ekki að koma saman til fundar, heldur mundu nægja svonefnd erindaskipti (nótuskripti) milli aðilanna; Bandaríkjamenn mundu nefna efni samningsins í skeyti og innlendu yfirvöldin mundu samþykkja í svarskeyti.

Með samningnum fengju Bandaríkjamenn heimild til að hernema hvaða hluta landsins sem er og kæfa hvers konar andspyrnu. Herlögregla fengi ótakmarkaðan rétt til athafna, m. a. rétt til að handtaka hvern sem væri og hafa hann í gæzlu, þar til hann yrði færður viðkomandi yfirvöldum.

Tilgangur samningsins væri almennt að tryggja, að yfirvöld, vinveitt NATO, væru áfram við völd í landinu, hvort sem þau væru lögleg eða ekki. Á grundvelli viðtækra njósnastarfsemi yrði yfirvöldum landsins gert auðvelt að handtaka hvern þann, sem grunsamlegur þætti, og bandarísk aðstoð veitt, ef þörf krefði.

Eins og kunnugt er, hefur ekki komið til íhlutunar Bandaríkjahers í Evrópu í seinni tíð, og hefur því þessi samningsrammi hvergi komið enn að notum. Hins vegar varð nýlega uppvist á Ítalíu um byltingaráform herforingja, sem hugðust nota sér stjórnarkreppu þar í landi sumarið 1964 til að hrifsa til sín völdin. Áform þeirra um framkvæmd byltingarinnar munu einmitt hafa verið byggð á áætlun NATO um hernaðarihlutun í landinu, en sú áætlun bar nafnið „ES“.

Eins er um þá áætlun, sem NATO hafði reiðubúna fyrir Grikkland og nefnd var „Prometheus“. Á henni byggðu grískir herforingjar byltingu sína og komu á algeru einræði í landinu. Atburðarásin varð að visu nokkuð önnur en yfirherstjórn NATO hafði gert ráð fyrir, og aðrir en þeir, sem NATO hafði vonazt til, tóku völd í landinu. En tilgangurinn var sá sami: að koma í veg fyrir stórsigur vinstrimanna í næstu þingkosningum og hugsanlega úrsögn Grikklands úr NATO.

Ekkert skal um það fullyrt, hvort einhverjar slíkar áætlanir, sem hér hafa verið nefndar, snerta Ísland. Aðstæður eru hér að mörgu leyti ólíkar því, sem er í

öðrum NATO-rikkjum, og kannske er ekki talin þörf á þess háttar viðbúnaði hér á landi. Sjálfsagt er þó, að rannsóknarnefndin safni þeim upplýsingum, sem unnt er að fá um þessi mál erlendis frá, jafnframt því sem rannsókn fer fram hér innanlands. Er því rétt að athuga um leið, að hve miklu leyti bandarískar mútugjafir hafa borizt hingað til lands og hvort bandarískir aðilar muni hafa gert spjaldskrá um stjórnmalaskoðanir Íslendinga, svipaða þeirri, sem komið hefur tugþúsundum Grikkja í fangabúðir á undanförunum mánuðum.